

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 34/2022

2022/EES/42/34

frá 4. febrúar 2022

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/427 frá 13. janúar 2020 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar tilteknar ítarlegar reglur um framleiðslu á lífrænt ræktuðum vörum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1794 frá 16. september 2020 um breytingu á I. hluta II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar notkun á plöntufjölgunarefni í aðlögun og plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2146 frá 24. september 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar sérstakar framleiðslureglur við lífræna framleiðslu ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/269 frá 4. desember 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2020/427 að því er varðar gildistöku dagsetningu breytinga á tilteknum ítarlegum reglum um framleiðslu á lífrænt ræktuðum vörum í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/464 frá 26. mars 2020 um tilteknar reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar skjöl sem þörf er á vegna afturvirktrar viðurkenningar á tímabilum vegna aðlögunar, framleiðslu á lífrænum vörum ásamt upplýsingum sem aðildarríki eiga að láta í té ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2042 frá 11. desember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/464 að því er varðar daginn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda og tilteknar aðrar dagsetningar sem skipta máli fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 um lífræna framleiðslu ⁽⁶⁾.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 87, 23.3.2020, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 402, 1.12.2020, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtuð. ESB L 428, 18.12.2020, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtuð. ESB L 60, 22.2.2021, bls. 24.

⁽⁵⁾ Stjtuð. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 2.

⁽⁶⁾ Stjtuð. ESB L 420, 14.12.2020, bls. 9.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/848):

„– **32020 R 0427**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/427 frá 13. janúar 2020 (Stjtið. ESB L 87, 23.3.2020, bls. 1), breytt með:

– **32021 R 0269**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/269 frá 4. desember 2020 (Stjtið. ESB L 60, 22.2.2021, bls. 24).

– **32020 R 1794**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1794 frá 16. september 2020 (Stjtið. ESB L 402, 1.12.2020, bls. 23).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 54bc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/977):

„54bd. **32020 R 2146**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2146 frá 24. september 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar sérstakar framleiðslureglur við lífræna framleiðslu (Stjtið. ESB L 428, 18.12.2020, bls. 5).

54be. **32020 R 0464**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/464 frá 26. mars 2020 um tiltekna reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar skjöl sem þörf er á vegna afturvirkar viðurkenningar á tímabilum vegna aðlögunar, framleiðslu á lífrænum vörum ásamt upplýsingum sem aðildarríki eiga að láta í té (Stjtið. ESB L 98, 31.3.2020, bls. 2), breytt með:

– **32020 R 2042**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2042 frá 11. desember 2020 (Stjtið. ESB L 420, 14.12.2020, bls. 9).“

2. gr.

Texti framseldra reglugerða (ESB) 2020/427, (ESB) 2020/1794, (ESB) 2020/2146 og (ESB) 2021/269 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2020/464 og (ESB) 2020/2042, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2022 frá 04. febrúar 2022 (†), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(†) Stjtið. ESB L 175, 30.6.2022, bls. 46, og EES-viðbætur nr. 42, 30.6.2022, bls. 46.